

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Árið 1970 var plöturíkt ár fyrir Pink Floyd ef svo má að orði komast. Þá kom út safnplatan „The best of Pink Floyd“ með lögum frá 1967 og 68, af litlum plötum og "The Piper of the Gates of Dawn" og á ég þessa plötu í mjög sjaldgæfri, hollenskri útgáfu. Þessa plötu fékk ég gefins fyrir mörgum árum með þeim orðum að ég ætti hana miklu fremur skilið en annar stjórnandi útvarpsþáttarins „Áfangar“, sem hafði falað hana fyrir stórfé en ekki fengið. Einhverra hluta vegna eru öll lögin á þessari plötu í mónó. Þessi sama plata var svo endurútgefin í stereó 1974 undir nafninu "Masters of Rock" og á ég hana að sjálfsögðu líka. Barrett gaf út tvær sólóplötur á árinu 1970 með aðstoð fyrrum féлага sinna, "The Madcap Laughs" og "Barrett" og urðu þær hans síðasta framlag til rokkheimsins þó að reynt hafi verið að kreista út úr honum fleiri blóðdropa löngu síðar með útgáfu "Opel" 1988. Þá kom samstarfsplata Waters og Ron nokkurs Geesin, „Music of the Body“, út í lok ársins, þar sem þeir félagar gerðu tilraunir með alls konar búkhljóð fyrir kvikmynd eina, sem hét einmitt „The Body“.

Í mars 1970 kom út platan "Zabriskie Point" með lögum úr samnefndri kvikmynd leikstjórans Michelangelo Antonioni, sem gerist í lok 7. áratugarins að hluta til í samnefndum bæ í Dauðadal og fjallar um neðanjarðarmenninguna í Bandaríkjunum á þeim árum. Þetta var umdeild kvikmynd og er enn. Til stóð að okkar menn sæju alfarið um tónlistina en á endanum notaði leikstjórinn eingöngu 3 lög eftir þá og m.a. lagið, sem við heyrðum í upphafi þáttarins, „Heart beat, Pig Meat“ eftir þá alla fjóra. Mér var hins vegar að áskotnast "The Lost Zabriskie Point Album", sem er með öllum lögnum, sem Pink Floyd sömdu fyrir þessa mynd, bæði þeim, sem voru notuð og hinum, sem var hafnað - nema einu, "Violent Sequence", sem af einhverjum ástæðum hefur enn ekki verið gefið út svo ég viti þó að það hafi verið notað sem grunnur að ákveðnu lagi á "Dark Side of the Moon".

Hápunktur ársins var hins vegar „Atom Heart Mother“ sem kom út 10. október 1970. Platan heitir eftir aðalverkinu, sem nær yfir alla fyrri hlið plötunnar og er lengsta, samfellda verk Pink Floyd eða 23 mínútur og 44

sekúndur á plötunni. Nafnið á verkinu er hins vegar fengið úr fyrirsögn í blaðinu Evening Standard en þar var fjallað um ófríska konu, sem fékk græddan í sig kjarnorkuknúinn hjartagangráð. Platan var enn fremur fyrsta plata PF, sem var hljóðblönduð fyrir 4ra rása quadraphonic hljómtæki auk venjulegrar stereóútgáfu. Þá má nefna að myndin á plötuumslaginu af kú á beit í haganum átti að undirstrika að Pink Floyd væri jarðtengd hljómsveit þrátt fyrir að nöfn ýmissa laga hennar, svo sem "Astronomy Domine", "Interstellar Overdrive" og "Set the Controls for the Heart of the Sun" bentu til annars.

Ég ætla að byrja á að skoða bakhlið plötunnar, sem er mjög forvitnileg fyrir ýmsar sakir. Þar eiga Waters, Wright og Gilmour sitt lagið hver og þó að allir séu skrifaðir fyrir síðasta laginu, „Alan's Psychedelic Breakfast“, sem fjallar um aðalrótara hljómsveitarinnar á þeim tíma, Alan Stiles, fá sér morgunverð á þrjá vegu, á Mason mestan heiðurinn af effektum og röddun en hugmyndin kviknaði hjá Roger Waters út frá lekum eldhúskrana. Reyndar heldur dropahljóðið áfram eftir að laginu lýkur þannig að hafi nálin ekki verið tekin strax af ósjálfvirkum plötuspilurum hélt kraninn einfaldlega áfram að leka út í hið óendanlega.

Ég ætla nú samt ekki að spila þetta merkilega lag. Við skulum byrja á lagi Waters, If. Hér er um að ræða fallega ballöðu, sem gefur "Grantchester Meadows" á "Ummagumma" ekkert eftir. Lagið var sjaldan spilað á tónleikum einhverra hluta vegna en það er rangt að það hafi aldrei verið spilað á tónleikum eins og sumir minni sérfræðingar í floydískum fræðum hafa haldið fram og á ég tónleikaútgáfu af laginu máli mínu til stuðnings.

Lag: If <https://www.youtube.com/watch?v=e2G8EWy-plM>

Næst hlýðum við á lagið „Summer 68“ eftir Richard Wright. Ágætis lag og mjög í stíl Wrights og hefur eftir því sem ég best veit aldrei verið spilað á tónleikum. Lýsi ég hér með eftir mótbárum við þessari fullyrðingu minni og þarf þá full sönnun að fylgja með.

Lag: Summer 68 <https://www.youtube.com/watch?v=uYLVbigYUfU>

Þriðja lag seinni hliðar plötunnar er „Fat Old Sun“ eftir David Gilmour. Á þessum tímamarki hafði Gilmour ekki samið mikið af lögum, reyndar eingöngu "A Spanish Theme" á "More" og "The Narrow Way" á "Ummagumma". Dag einn meðan á gerð plötunnar stóð skildu þeir

Gilmour eftir einan í stúdíóinu með þeim orðum að hann færi ekki þaðan fyrr en hann væri búinn að semja eitt lag fyrir plötuna. Þetta lag er pínulítið í þjóðlagastíl og hefur að sögn höfundar verið í persónulegu uppáhaldi hans allar götur síðan.

Lag: Fat Old Sun

<https://www.youtube.com/watch?v=SKUfuS24O-I>

Þá er komið að aðalverki plötunnar, svítunni "Atom Heart Mother". Hér kemur Ron Geesin, sem ég nefndi áðan, heldur betur við sögu en hann er titlaður meðhöfundur verksins og stjórnaði strengja- og blásturssveitinni. Þá má ekki gleyma John Alldis og 16 manna kór hans, sem syngur á tveimur stöðum í verkinu en þó að hann hafi sannarlega komið að lokauppsetningu verksins er hans samt ekki getið sem meðhöfundar. Verkið er í 6 þáttum og er að mati margra Pink Floyd aðdáanda með því besta, sem hljómsveitin gerði á ferlinum en einhverra hluta verka eru hvorki Waters né Gilmour sammála því mati. Gilmour hefur meira að segja látið hafa eftir sér að platan sé full af rusli, að þeir hafi verið að skrapa botninn o.s.frv. Eins gott að þessir herra menn eru ekki sérfræðingar í Floydískum fræðum. Til gamans má enn fremur geta þess að vegna krafna frá EMI urðu Waters og Mason að spila sína 24 mínútna hluta í einni töku hvor án undirspils eða meðspilunar nokkurra annarra hljóðfæra vegna þess að sérfræðingar EMI voru hræddir um að öll sundurliðun með tilheyrandi skeytingum hefði áhrif á gæði hinnar nýju 8 rása tækni. Afleiðingin varð að sjálfsögðu sú að tempóið er ekki alltaf eins og best væri á kosið vegna takmarkaðra tónlistarhæfileika þeirra félaganna eins og Mason orðaði það.

Við skulum nú njóta "Atom Heart Mother". Takið eftir mögnuðum gítarleik Gilmour í öðrum hluta verksins. Strax á eftir kemur orgelið inn ásamt kórnum í fyrra skiptið í þriðja kafla verksins en í fjórða hluta er skipt um tóntegund með blúskenndu gítarsólói ásamt kórnum í seinna skiptið.

Ég heiti BRL og veit eitthvað pínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lag: Atom Heart Mother

<https://www.youtube.com/watch?v=UyRJzdKUho0>